

Umsögn um drög að Orkustefnu fyrir Íslands

Hér er um mikilvægt plagg að ræða sem mun staðfesta ákveðna stefnu sem landsmenn þurfa að taka í orkumálum. Þó að flestir séu sammála um að bæta þurfi nýtni og minnka innflutning jarðefnaeldsneytis þá þarf samt sem áður að festa það í stefnu sem hægt er að vísa í þegar aðgerðir eru mótaðar.

Helstu athugasemdir Orkuseturs snúa eðlilega að þeim hluta orkustefnunnar sem snýr að orkusparnaði og jarðefnaeldsneyti.

1 Mikilvægt er að draga sérstaklega fram húshitun með rafmagni. Tæplega 10% þjóðarinnar nýtur ekki jarðvarma til húshitunar og í Orkustefnu fyrir Ísland verður að tilgreina markmið og leiðir til að lágmarka notkun á hágæða raforku til hitunar. Vissulega er minnst á bættu einangrun og varmadælur en Orkusetur telur mikilvægt að sér-undirkafla sé tileinkaður framtíð kaldra svæða. Til dæmis má nefna að sérkafla er um sæstreng og ótryggða orku þar sem opna á einangrun raforkukerfisins innan 20 ára. Ekkert er um hvernig rafhitun verður háttáð næstu 20 árin sem rímar illa við sæstreng enda býr stór hluta fólks með rafhitun í þéttbýli með rafkynntar fjarvarmaveitur sem stóla einmitt á hræðdýra umframorku úr kerfinu. Það segir sig sjálft að ef þessi orka fer á sameiginlegan evrópskan markað þá mun verð á húshitun til íbúa með slíkar veitur snarhækka. Mikilvægt er að nefna að skoða þurfi hagkvæmni lausna eins og stórra varmadæla fyrir slíkar veitur ekki síst vegna óvissu um framtíðarframboð afgangorku.

2 Orkusetur telur að kaflinn um bættu nýtingu jarðefnaeldsneytis sé alltof rýr sérstaklega í ljósi þess að þetta er líklega ódýrasta leiðin til að draga all verulega úr innflutningi jarðefnaeldsneytis. Þegar ýmsar gagnvirkar upplýsingaveitur Orkuseturs eru skoðaðar þá má auðveldlega sjá þá miklu möguleika sem felast í því að breyta bílaflota landsmanna með fræðslu og hagrænum hvötum. Bætt tækni og alþjóðlegar kröfur á bílaframleiðslu hafa getið af sér framúrskarandi bifreiðar sem nota mun minna eldsneyti en bjóða áfram upp á svipað rými og akstureiginleika. Orkusetur fullyrðir að til framtíðar megi allt að því **helminga** innflutning jarðefnaeldsneytis á bifreiðar, án þess að skipta þurfi yfir í innlenda orkugjafa, fækka bifreiðum, eða byggja upp dýr innviði. Orkusetur telur að nokkur hætta sé á því að ráðamönnum yfirsjáist þessi ódýra og þægilega leið ef hlutur hennar verður áfram jafn rýr í lokaútgáfu Orkustefnunnar. Til samanburðar þá fær bætt orkunýting bifreiða eina setningu í jarðefnaeldsneytiskaflanum en lífoldsneyti 1 ½ bls.



Sigurður Friðleifsson
Framkvæmdastjóri Orkuseturs